

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2013/EES/4/09

frá 12. maí 2003

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar fóðrun tiltekinna hræfugla á tilteknum eignum úr 1. flokki (*)

(tilkynnt með númeri C(2003) 1494)

(Einungis spænski, gríski, franskí, ítalski og portúgalski textinn hafa lagagildi)

(2003/322/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til mannelis⁽¹⁾, einkum d-lið 2. mgr. 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1774/2002 geta aðildarríkin leyft notkun tiltekna eigna úr 1. flokki til að fóðra tegundir hræfugla, sem eru í útrýmingarhættu eða njóta verndar, að höfðu samráði við Matvælaöryggisstofnun Evrópu, með undanþágu frá þeim takmörkunum sem gilda um notkun aukaafurða úr dýrum og mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.
- 2) Vísindastýrningin lagði fram álit 7. og 8. nóvember 2002 um öryggi í tengslum við það að hræfuglar geta verið mögulegir smitberar smitandi heilahrönnunarsjúkdóma (TSE).
- 3) Samkvæmt þessu vísindalega álitu ætti fóðrun með skrokkum af dýrategundum, sem eru smitnæmar fyrir smitandi heilahrönnun, ekki að hafa í för með sér tilbúna aukningu á fjölda hugsanlegra smituppspretta sem bera með sér smitandi heilahrönnun eða hugsanlega útbreiðslu sjúkdómsins. Enn fremur eiga fóðrunaráætlanir fyrir villtar tegundir, s.s. hræfugla, hvorki að verða staðgönguáferðir til að farga dauðum jörturdýrum sem hætta er á að beri með sér smitandi heilahrönnun né til að farga sérstöku áhættuefni.
- 4) Fóðrun hræfugla á tilteknu egni úr 1. flokki getur því, á grundvelli álits vísindastýrningarinnar, talist leyfileg.
- 5) Grikkland, Spánn, Frakkland, Ítalía og Portúgal hafa sótt um leyfi til að fóðra tilteknar tegundir hræfugla á tilteknu egni úr 1. flokki.
- 6) Umsóknirnar uppfylla þau skilyrði sem farið er fram á í vísindalegu álitu vísindastýrningarinnar. Þó skal fara fram á viðbótarrökstuðning til að sannreyna að ekki sé önnur leið fær til að vernda þessar hræfugategundir en

að fóðra þær á tilteknu egni úr 1. flokki og leiða þannig til óþarfa fjölgunar á mögulegum smituppsprettum smitandi heilahrönnunar.

- 7) Til þess að koma í veg fyrir að heilbrigði dýra og lýðheilsu sé stofnað í hættu er nauðsynlegt að mæla fyrir um reglur sem á að fylgja þegar fóðrun þessara hræfugla á tilteknu egni úr 1. flokki er heimiluð.

- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Frankvæmdarreglur um fóðrun hræfugla á egni úr 1. flokki

Samkvæmt d-lið 2. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 er Grikklandi, Spáni, Frakklandi, Ítalíu og Portúgal heimilt að leyfa notkun heilla skrokka af dauðum dýrum, sem kunna að innihalda sérstakt áhættuefni, eins og um getur í ii. lið b-liðar 1. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar, til að fóðra tegundir hræfugla, sem eru í útrýmingarhættu eða njóta verndar, eins og sett er fram í A-hluta viðaukans við þessa ákvörðun.

2. gr.

Leyfi og eftirlitsráðstafanir lögbærra yfirvalda

1. Lögbært yfirvald getur veitt þeim aðila leyfi sem ber ábyrgð á fóðrun hræfuglanna sem um getur í 1. gr.

2. Lögbært yfirvald skal einungis veita leyfið, sem kveðið er á um í 1. mgr., ef farið er að sértækum kröfum sem mælt er fyrir um í B-hluta viðaukans.

3. Lögbært yfirvald skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hafa umsjón og eftirlit með því að farið sé að sértækum kröfunum sem mælt er fyrir um í B-hluta viðaukans.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 117, 13.5.2003, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 136/2007 frá 26. október 2007 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 19, 10.4.2008, bls. 55.

(¹) Stjtið. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1.

Þær ráðstafanir skulu fela í sér strangt eftirlit með heilbrigðisástandi dýranna á svæðinu þar sem fóðrunin fer fram og viðeigandi eftirlit með smitandi heilahrörnun, þ.m.t. regluleg sýnataka og rannsóknir á rannsóknarstofum vegna smitandi heilahrönnunarsjúkdóma. Til sýnanna skulu teljast sýni úr dýrum sem sýna taugafræðileg einkenni og sýni úr eldri kynbótadýrum.

3. gr.

Skýrslur og endurskoðun

1. Grikkland, Spánn, Frakkland, Ítalía og Portúgal skulu, fyrir 31. október 2003, senda framkvæmdastjórninni þær upplýsingar sem kveðið er á um í 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/EB, þ.m.t. skýrsla:

- a) um þær eftirlitsráðstafanir sem kveðið er á um í 2. gr. þessarar ákvörðunar og
- b) með ítarlegum rökum fyrir því að telja með sérhverja tegund hræfugla sem fellur undir 1. gr. þessarar ákvörðunar og færa rök fyrir því hvers vegna nauðsynlegt er að fóðra þessa fugla á efni úr 1. flokki sem um getur í þeirri grein í stað þess að fóðra þá eingöngu á efni úr 2. og 3. flokki.

2. Ákvörðun þessa skal endurskoða á grundvelli skýrslna, sem lagðar eru fram í samræmi við 1. mgr., ef slíkt er talið nauðsynlegt að loknu viðeigandi vísindalegu mati.

4. gr.

Fylgni aðildarríkjanna við þessa ákvörðun

Grikkland, Spánn, Frakkland, Ítalía og Portúgal skulu þegar í stað gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun þessari og birta þær ráðstafanir. Þ au skulu tilkynna þ að framkvæmdastjórninni þegar í stað.

5. gr.

Gildissvið

Ákvörðun þessi gildir frá 1. maí 2003.

6. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til Lýðveldisins Grikklands, Konungsríkisins Spánnar, Lýðveldisins Frakklands, Lýðveldisins Ítalíu og Lýðveldisins Portúgal.

Gjört í Brussel 12. maí 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

FRAMKVÆMDARREGLUR UM FÓÐRUN HRÆFUGLATEGUNDA, SEM ERU Í ÚTRÝMINGARHÆTTU EÐA NJÓTA VERNDAR, Á TILTEKNU EFNI ÚR 1. FLOKKI Í SAMRÆMI VIÐ D-LIÐ 2. MGR. 23. GR. REGLUGERÐAR (EB) NR. 1774/2002

A. Aðildarríkin og þær tegundir sem eru í útrýmingarhættu eða njóta verndar og um getur í 1. gr.

Framkvæmdarreglurnar sem kveðið er á um í 1. gr. skulu gilda um:

- a) þegar um er að ræða Grikkland: gæsagamm (*Gyps fulvus*), lambagamm (*Gypaetus barbatus*) og skarngamm (*Neophron percnopterus*),
- b) þegar um er að ræða Spán: gæsagamm (*Gyps fulvus*), kuflgamm (*Aegypisu monachus*), skarngamm (*Neophron percnopterus*), lambagamm (*Gypaetus barbatus*), skassörn (*Aquila adalberti*), gullörn (*Aquila chrysaetos*), svölgleðu (*Milvus milvus*) og vatnagleðu (*Milvus migrans*),
- c) þegar um er að ræða Frakkland: gæsagamm (*Gyps fulvus*), kuflgamm (*Aegypisu monachus*), skarngamm (*Neophron percnopterus*), lambagamm (*Gypaetus barbatus*), svölgleðu (*Milvus milvus*) og vatnagleðu (*Milvus migrans*),
- d) þegar um er að ræða Ítalíu: gæsagamm (*Gyps fulvus*), lambagamm (*Gypaetus barbatus*) og gullörn (*Aquila chrysaetos*),
- e) þegar um er að ræða Portúgal: gæsagamm (*Gyps fulvus*), kuflgamm (*Aegypisu monachus*), skarngamm (*Neophron percnopterus*) og gullörn (*Aquila chrysaetos*).

B. Sértekar kröfur eins og um getur í 2. gr.

1. Samþykki lögbærs yfirvalds, eins og kveðið er á um í 2. gr., er með fyrirvara um eftirfarandi:
 - a) ekki má friða fuglategundirnar með öðrum hætti,
 - b) fóðrunaráætlunin verður að vera innan ramma viðurkenndrar verndunaráætlunar,
 - c) fóðrunina má ekki nota sem aðra aðferð til að farga sérstöku áhættuefni eða dauðum jörturdýrum sem innihalda slíkt efni og hætta er á að beri með sér smitandi heilahrörnun,
 - d) viðeigandi eftirlitskerfi vegna smitandi heilahrönnunarsjúkdóma, eins og mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinnar tegunda smitandi heilahrönnunar⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB), verður að vera fyrir hendi og fela í sér reglubundnar prófanir á rannsóknarstofum vegna smitandi heilahrönnunar,
 - e) tryggja verður samræmingu milli lögbærra yfirvalda sem hafa eftirlit með kröfunum sem mælt er fyrir um í leyfinu og
 - f) meta skal fyrir fram sértekar og sérstakar aðstæður viðkomandi hræfuglategunda og búsvæði þeirra í viðkomandi landi.
2. Leyfi, sem lögbært yfirvald veitir, skal:
 - a) vísa til og nefna þær tegundir hræfugla sem eiga í hlut,
 - b) lýsa ítarlega landsvæðinu þar sem fóðrun skal fara fram og
 - c) tafarlaust fellt úr gildi ef:
 - i. grunur er um eða staðfest eru tengsl við útbreiðslu smitandi heilahrönnunar þar til unnt er að útiloka hættuna eða
 - ii. ekki er farið að þeim reglum sem kveðið er á um í þessari ákvörðun.
3. Sá sem ber ábyrgð á fóðruninni skal:
 - a) nota til þess lokað og afgirt svæði til að tryggja að aðrar kjötætur en fuglar komist ekki að fóðrunu,
 - b) tryggja að gerðar séu prófanir vegna smitandi heilahrönnunar á skrokkum af nautgripum eldri en 24 mánaða og skrokkum af sauðfé og geitum eldri en 18 mánaða, sem ætlunin er að nota til fóðrunar, með einhverri af þeim prófunum, sem eru tilgreindar í reglugerð (EB) nr. 999/2001, með neikvæðum niðurstöðum, áður en skrokkarnir eru notaðir til fóðrunar og
 - c) halda skrár, a.m.k. yfir fjölda, tegund, áætlaða þyngd og uppruna dýraskrokkanna sem eru notaðir til fóðrunar, niðurstöður prófana vegna smitandi heilahrönnunar, dag fóðrunar og stað þar sem fóðrun fór fram.
4. Allar aðrar sértekar kröfur, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1774/2002, einkum í 2. mgr. 23. gr. og IX. viðauka við þá reglugerð, skulu uppfylltar.

⁽¹⁾ Stjútö. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

⁽²⁾ Stjútö. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 7.